

Fundargerð 123. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., haldinn þann 19. september 2017, kl. 13.30 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Ásbrú.

Mættir:

Georg Brynjarsson, formaður stjórnar,

Hafsteinn Hafsteinsson,

Steinunn Sigvaldadóttir,

Marta Jónsdóttir, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, verkefnastjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Ásta Lárusdóttir, fjármálastjóri kom inn á fundinn undir lið nr. 2.

1. *Fundargerð síðasta fundar.*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Rekstrarupplýsingar*

Ásta Lárusdóttir, fjármálastjóri kom inn á fundinn undir þessum lið. Kynnti hún fyrir stjórn rekstartölur fyrir fyrstu 8 mánuði ársins. Umræður.

Stjórn þakkaði upplýsingarnar.

3. *Fitjalína 2*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn erindi frá Lögmönnum Höfðabakka f.h. Landsnets vegna lagningar Fitjalínu 2 um land ríkissjóðs. Umræður.

Stjórn hafnaði beiðni Landsnets um undirritun fyrirbyggjandi yfirlýsingar og áréttar að ef strengurinn verður fyrir skipulagi í framtíðinni beri Landsneti að fjarlægja strenginn á sinn kostnað. Hvorki ríkissjóður né Kadeco muni bera kostnað af slíku og tryggja verður að virði þess landsvæðis sem ríkissjóður á og Kadeco hefur til umsýslu, rýrni ekki.

Stjórn fól framkvæmdastjóra að ræða við Lögmenn Höfðabakka f.h. Landsnets.

4. *Önnur mál.*

*Ósk Advania um lóð.*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn beiðni Advania um lóð að Sjónarhóli 6 á Fitjum.

Stjórn samþykkti beiðni Advania um umrædda lóð og fól framkvæmdastjóra að ganga frá lóðarleigusamningi þess efnis.

*SADC.*

Stjórnarformaður upplýsti stjórn um fund sem haldin var í Stapa 14. september sl. með

SADC, þróunarfélagi Schiphol flugvallar í Amsterdam. SADC, sem er í raun fyrirmynd

Kadeco, hefur náð gríðarlegum árangri við uppbyggingu verðmætrar atvinnustarfsemi við

Schiphol, en hefur jafnframt þurft að mæta ýmsum áskorunum. Var fundurinn því bæði áhugaverður og gagnlegur, og gaf góða innsýn inn í mikilvægi þróunar og skipulagðar uppbyggingar í kringum flugvelli svo vel takist til.

*Samruni dótturfélaga.*

Rætt var um samruna dótturfélaga og hagræði þess. Framkvæmdastjóri lagði til að sérfræðingur KPMG kæmi sem gestur á næsta stjórnarfund og færi yfir málið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16.07

Geir Þorgeirsson  
Steinnur Sveinsson  
Háskólinn → Hótel